



16. nóvember 2020

Tilvísun: 20011207

Dreifibréf til rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða og vörsluaðila

Númer: 30/2020

Efni: Viðmiðunarreglur ESMA um álagspróf vegna lausafjánhættu í verðbréfasjóðum og sérhæfðum sjóðum

Evrópska verðbréfaeftirlitsstofnunin (ESMA) hefur gefið út viðmiðunarreglur (e. guidelines) um álagspróf vegna lausafjánhættu í verðbréfasjóðum og sérhæfðum sjóðum. Tilgangur viðmiðunarreglnanna er að koma á samhæfðri, árangursríkri og skilvirkri eftirlitsframkvæmd innan evrópska fjármálaeftirlitskerfisins og að tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda beitingu á löggjöf innan EES. Viðmiðunarreglurnar hafa verið í gildi innan Evrópu frá 30. september 2020.

Viðmiðunarreglurnar ná til rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða og vörsluaðila.

Rekstraraðilar sérhæfðra sjóða skulu reglulega framkvæma álagspróf, við venjuleg og óvenjuleg lausafjárskilyrði, sem gerir þeim kleift að meta og vakta lausafjánhættu sjóðanna, sbr. 3. mgr. 25. gr. laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Samkvæmt 4. mgr. 40 gr. reglugerðar nr. 471/2014 um skipulagskröfur rekstrarfélaga verðbréfasjóða skulu rekstrarfélög beita viðeigandi stýringu lausafjánhættu til að tryggja að hver og einn verðbréfasjóður sem þau stjórna uppfylli ávallt 1. mgr. 27. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði. Rekstrarfélag skal, eftir því sem við á, framkvæma álagspróf sem gera því kleift að meta lausafjánhættu verðbréfasjóða við óvenjulegar aðstæður.

Viðmiðunarreglurnar útfæra nánar tiltekin atriði sem snúa að skilyrðum um álagspróf vegna lausafjánhættu verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða, m.a.:

- Framkvæmd á grundvelli áreiðanlegra og uppfærðra upplýsinga á meginlegan hátt eða, ef það á ekki við, á eigindlegan hátt.
- Eftir því sem við á, líkja eftir lausafjárskorti í eignum sérhæfðra sjóðsins og óvenjulegum innlausnarbeiðnum.
- Ná yfir markaðsáhættu og öll áhrif sem hún hefur, þ.m.t. á veðköll, kröfur um tryggingar eða lánalínur.

- Gera grein fyrir næmni verðmats við erfið skilyrði.
- Framkvæmd eins oft og viðeigandi þykir miðað við eðli sjóðsins, að teknu tilliti til fjárfestingaráætlunarinnar, lausafjárstefnu, tegund fjárfesta og innlausnarstefnu sjóðsins og a.m.k. árlega.
- Skyldum vörsluaðila til að setja upp viðeigandi sannprófunaraðferðir til að tryggja að stjórnendur sjóða hafi til staðar skjalfestar verklagsreglur um framkvæmd álagsprófa vegna lausafjánhættu.

Viðmiðunarreglurnar byggja á 1. mgr. 16. gr. og 21. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB frá 8. júní 2011 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða (AIFMD), 46. og 47. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnar ESB nr. 231/2013 frá 19. desember 2012 um viðbætur við AIFMD (AIFMR), 51. gr. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 (UCITS) og 3. mgr. 40. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnar ESB nr. 2016/438 frá 17. desember 2015. AIFMD tilskipunin var innleidd hér á landi með lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og UCITS tilskipunin með lögum nr. 12/2013 um breytingu á lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði. AIFMR reglugerðin var innleidd með reglugerð nr. 555/2020 frá 3. júní 2020 um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Fjármálaeftirlitið mun birta á heimasíðu sinni dreifibréf þetta og slóð á ensku útgáfu viðmiðunarreglnanna. Fjármálaeftirlitið mun jafnframt styðjast við viðmiðunarreglurnar við eftirlitsframkvæmd.

Fjármálaeftirlitið beinir því til rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða og vörsluaðila að kynna sér framangreindar viðmiðunarreglur ESMA, sem birtar eru á heimasíðu stofnunarinnar, og taka mið af þeim í starfsemi sinni eftir því sem við á.

Viðmiðunarreglurnar eru aðgengilegar hér:

<https://www.esma.europa.eu/document/guidelines-liquidity-stress-testing-in-ucits-and-aifs>

Virðingarfyllt,


Páll Friðriksson
framkvæmdastjóri
Markaðir og viðskiptahættir


Aðalsteinn Eymundsson
forstöðumaður
Markaðir og viðskiptahættir